

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs  
b.t. Guðna Geirs Einarssonar  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík.

Hafnarfirði, 24.09.2020  
1806032 RE

**Efni: Lækur, dagþjónusta fyrir geðfatlaða, umsókn um styrk.**

Hafnarfjarðarkaupstaður rekur dagþjónustu fyrir fatlað fólk, Læk, að Hörðuvöllum 1. Í lögum nr. 38/2018 er í 24.gr. talað um vinnu, hæfingu og dagþjónustu og kemur þar fram að sveitarfélög skuli starfrækja vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfinu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun. Lækur fellur undir þessa skilgreiningu þar sem þar er boðið uppá dagþjónustu og iðju fyrir geðfatlað fólk. Umsóknin fellur því að d og e lið reglugerðar nr. 460/2018.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur tekið ákvörðun um að flytja starfsemi Lækjar frá Hörðuvöllum þar sem húsnæðið er orðið ófullnægjandi fyrir starfið að Læk. Starfsemin verður flutt í húsnæði í eigu Hafnarfjarðar að Staðarbergi. Um er að ræða einbýlishús með góðu aðgengi og myndi húsnæðið henta starfinu afar vel.

Hér með er óskað eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna endurbóta á húsnæðinu að Staðarbergi. Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegra framkvæmda að Staðarbergi.

Virðingarfyllst,  
Rannveig Einarsdóttir,  
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.